

Reglugerð HSÍ um félagaskipti, leikmannasamninga ofl.

I. Kafli ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um alla leikmannasamninga og öll félagaskipti leikmanna innan HSÍ og um öll önnur félagaskipti þar sem annað félagið heyrir undir HSÍ eftir því sem við á.

2. gr. Hlutgengi leikmanna

Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með félögum sem taka þátt í deildarkeppnum hafa sérstakan leikmannasamning, skv. II. kafla, við það félag sem þeir leika með. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í leikmannasamningi og getur þannig aðeins vera skráður iðkandi í einu félagi innan HSÍ á hverjum tíma.

Leikmaður, með keppnisleyfi skv. 13. gr., skal ávallt vera hlutgengur til keppni í handknattleiksmótum á Íslandi svo fremi sem aðrar takmarkanir séu ekki fyrir hendi (t.d. aldur, kyn, leikbann, takmörkun í mótareglum, o.s.frv.).

Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ óháð því hvort leikmaður er með uppeldis-, áhuga- eða atvinnusamning.

HSÍ staðfestir hlutgengi leikmanns með útgáfu keppnisleyfis þegar öllum skilyrðum þessarar reglugerðar er fullnægt. Leikmaður er óhlutgengur þar til keppnisleyfi er gefið út. HSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfalli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök HSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag eða HSÍ verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

3. gr. Hlutgengi þjálfara

Þjálfari eða aðstoðarþjálfari félags getur leikið með öðru félagi ef það félag leikur í annarri deild en félagið sem þeir þjálfar hjá og fullnægt er skilyrðum 2. gr. um hlutgengi leikmanns.

Þjálfari eða aðstoðarþjálfari eins félags getur ekki leikið með öðru félagi í sömu deild.

Þjálfari félags, sem einnig er leikmaður þess félags, skal ávallt vera með atvinnusamning og fer um hlutgengi hans þá eftir reglum um hlutgengi leikmanns skv. 2. gr.

II. Kafli LEIKMANNASAMNINGAR

4. gr. Almenn

Leikmannasamningar geta verið þrenns konar, atvinnusamningar, áhugasamningar og uppeldissamningar og skal HSÍ útvega félögum form að þessum leikmannasamningum. Leikmannasamningar eru aðeins gildir ef þeir eru gerðir á slík form og uppfylla þær kröfur sem fram koma í þessari reglugerð, öðrum reglugerðum HSÍ og reglum EHF og IHF.

Leikmannasamningur skal vera skriflegur og skal koma fram tegund samnings, nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil.

Heimilt er að gera leikmannasamning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 14 ára. Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun samnings, skal samningurinn einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Samningar skulu vera lausir eigi síðar en 1. júní á því ári sem samningur rennur út.

Óheimilt er að setja inn í samninga ákvæði sem takmarka rétt leikmanns eða félags við félagaskipti eða semja um það með öðrum hætti en kemur fram í reglugerð þessari.

Tímalengd samninga við erlenda leikmenn skulu vera í samræmi við útgefið dvalar og atvinnuleyfi.

Félag og leikmaður, sem gera leikmannasamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum HSÍ, EHF og IHF að öllu leyti.

5. gr. Skráning

Afrit af öllum leikmannasamningum skulu vistuð hjá HSÍ og hafa borist skrifstofu HSÍ fyrir útgáfu keppnisleyfis skv. 12. gr. Samningur er trúnaðarmál milli leikmanns, félags og HSÍ.

HSÍ skal halda sérstaka leikmannaskrá um alla samningsleikmenn. Þar skal koma fram aldur leikmanns, lengd samningstímabils og hvort samningur sé uppeldissamningur eða leikmannasamningur. Skráin skal birt á heimasíðu HSÍ.

Skrifstofa HSÍ skal fá afrit af undirrituðum leikmannasamningum og uppeldissamningum og sjá um skráningu á þeim í sérstaka leikmannaskrá. Framkvæmdastjóri HSÍ er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum HSÍ.

6. gr. Uppeldissamningur

Uppeldissamningur er aðeins fyrir leikmenn félags sem einnig leika með yngri flokkum félagsins. Uppeldissamningur getur aðeins gilt í eitt keppnistímabil í senn.

Óheimilt er að leikmaður með uppeldissamning fái beinar greiðslur fyrir að leika með viðkomandi félagi en heimilt er að greiða leikmönnum með uppeldissamning árangurstengda bónusa ef allir leikmenn njóta sömu tækifæra til slíkra bónusa.

Uppeldissamningur takmarkar ekki möguleika félags á því að innheimta æfingagjöld vegna þátttöku slíks leikmanns í yngri flokkum félagsins.

7. gr. Áhugasamningar

Þeir sem leika með meistaraflokki og eru ekki með uppeldissamning skv. 6. gr. eða atvinnusamning skv. 8. gr. skulu vera með áhugasamning.

Samningar þessir geta verið til allt að tveggja keppnistímabila og skulu greiðslur til leikmanns ekki vera hærri en sem nemur jafngildi kr. 100.000,- á hvoru keppnistímabili. Búnaður til æfinga og aðstaða til æfinga, hvort sem er í íþróttasal eða lyftingaaðstaða, telst ekki til greiðslna skv. ákvæði þessu né árangurstengdir bónusar.

8. gr. Atvinnusamningar

Allir sem fá greiðslur sem eru að jafngildi yfir kr. 100.000,- á hverju keppnistímabili, án tillits til greiðslna sem felast í búnaði til æfinga, æfingaaðstöðu, hvort sem er í íþróttasal, lyftingaraðstaða eða sambærilegrar aðstöðu, og árangurstengdra bónusa, skulu vera með atvinnumannasamning.

Ekki er hægt að gera atvinnusamningi til styttri tíma en eins keppnistímabils í senn en að öðru leyti eru ekki tímatakörk á atvinnusamningum. Þó er ekki heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila við leikmann sem er yngri en 18 ára.

9. gr. Vanefndir

Leikmanni og félagi er heimilt að rifta leikmannasamningi ef leikmaður eða félag vanefnir samninginn og áskorun um efndir hefur ekki verið sinnt. Áskorun af þessum toga skal send með sannanlegum hætti að liðnum a.m.k. 30 dögum frá upphafi vanskila og skal gefa a.m.k. 15 daga til efnda áður en lýst er yfir riftun.

Félag losnar ekki undan skyldum sínum skv. leikmannasamningi þó að félagið vanefni leikmannasamning að einhverju leyti og leikmaður hefur rift samningi við félagið. Þó skal leikmaður draga frá kröfu sinni þær greiðslur sem hann fær frá öðru félagi á þeim samningstíma sem hann krefst efnda á frá fyrra félagi.

III. kafli FÉLAGASKIPTI

10. gr. Félagaskiptatímabil

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Tímabundin félagaskipti er heimil á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Ef handknattleiksdeild aðildarfélags HSÍ er lögð niður í heild sinni þá gilda ekki tímatakmarkanir reglugerðar þessarar á félagaskiptum.

Ef flokkur, sem leikmaður hefur keppnisleyfi í, er dreginn til baka úr Íslandsmóti á vegum HSÍ og leikmaður hefur ekki leikmannasamning við viðkomandi félag þá gilda ekki tímatakmarkanir reglugerðar þessarar á félagaskiptum.

Leikmenn, sem ekki eru sammingsbundnir öðru félagi og hafa ekki leikið síðasta keppnistímabil, hafa einnig heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Ekki er krafist félagaskipta fyrir leikmenn er leika með 5. flokki eða neðar.

Nýir leikmannasamningar og tilkynningar um félagaskipti, sem berast HSÍ utan félagaskiptatímabils skulu teljast afhentir á fyrsta degi næsta félagaskiptatímabils á eftir. Þó er HSÍ heimilt að undirbúa og forvinna félagaskipti vegna þeirra félagaskiptabeiðna sem borist hafa utan félagaskiptatímabils.

11. gr. Félagaskiptagjald

Greiðsla til HSÍ fyrir félagaskipti skal ákveðin af stjórn HSÍ og tilkynnt árlega ásamt þátttökugjöldum. Félagaskiptagjald til HSÍ greiðist af félaginu, sem gengið er í.

HSÍ gefur ekki út keppnisleyfi fyrr en greiðsla félagsskiptagjalds hefur sannanlega farið fram.

HSÍ gefur ekki út keppnisleyfi fyrir leikmann til félags sem er í vanskilum við HSÍ.

12. gr. Félagaskiptatilkynning

Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum HSÍ, EHF og IHF og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun.

Til að félagaskiptatilkynning öðlist gildi skal hún undirrituð af þeim aðila sem heimild hefur til að skuldbinda félagið.

Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar, skal hún einnig undirrituð af forráðamanni leikmannsins.

HSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað til tilkynningar um félagaskipti.

Með undirritun sinni á tilkynningu um félagaskipti lýsir:

- leikmaður því yfir að hann óski eftir að ganga úr því félagi, sem hann er í og yfir í nýja félagið.
- leikmaður því yfir að félagið sem gengið sé úr hafi leyst hann undan þeim leikmannasamningi sem í gildi er á milli leikmanns og félags.

- eldra félag leikmannsins því yfir að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið.
- eldra félag leikmannsins því yfir að það hafi leyst leikmanninn undan þeim leikmannasamningi sem í gildi er á milli leikmanns og félags.
- eldra félagið því yfir að gengið hafi verið frá greiðslu milli félaganna vegna sjálfra félagaskiptanna, eða samið hafi verið um það.
- nýja félag leikmannsins því yfir að það samþykki inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa eldra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á gjaldi vegna þessa skil á því í samræmi við samning milli félaganna.

13. gr. Útgáfa keppnisleyfis

Þegar fullnægjandi tilkynning um félagaskipti berst HSÍ sendir HSÍ tilkynninguna til þess félags sem leikmaður gengur úr til umsagnar og/eða undirritunar.

Keppnisleyfi er gefið út af HSÍ þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar er fullnægt þ.m.t.:

- Eyðublað um félagaskipti hefur verið undirrituð af báðum félögum og leikmanni.
- Eintak HSÍ af leikmannasamningi hefur verið afhent HSÍ.
- Greiðsla á félagaskiptagjaldi hefur verið móttækin.
- Staðfesting hefur borist frá öðrum handknattleikssamböndum ef það á við.
- Staðfesting frá Útlendingastofnun um atvinnu- og dvalarleyfi ef það á við, sbr. þó undantekningarákvæði í 7. mgr. 17. greinar.
- Afhent hafa verið önnur gögn sem nauðsynleg eru til að af félagaskiptum geti orðið.
- Keppnisleyfi getur þó aldrei orðið lengra heldur en atvinnu og dvalarleyfi segir til um.
- Félag sem gengið er í er ekki í vanskilum við HSÍ.

Móttökudagur tilkynningar um félagaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.

Keppnisleyfi eru gefin út af HSÍ á auglýstum skrifstofutíma.

Leikmaður getur ekki dregið félagaskipti til baka eftir að keppnisleyfi hefur verið gefið út.

14. gr. Tímabundin félagaskipti

Félögum er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns sem er á samningi samkvæmt reglum HSÍ innan félagsskiptatímabils skv. 10. gr.

Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á sérstöku eyðublaði HSÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og skal undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum og jafngildir félagaskiptatilkynningu við upphaf og enda lánstíma. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal sjálfkrafa snúa til samningsfélags síns.

Til að félagaskiptatilkynning öðlist gildi skal hún undirrituð af þeim aðila sem heimild hefur til að skuldbinda félagið.

Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar, skal hún einnig undirrituð af forráðamanni leikmannsins.

Með tilkynningunni lýsa allir aðilar því yfir að samið hafið verið að öllu leyti um uppgjör á milli aðila vegna skiptanna og að bæði félögin sé ábyrg gagnvart leikmanni á réttindum hans skv. upphaflegum leikmannasamningi.

Leikmaður fær leikheimild með hinu nýja félagi við útgáfu keppnisleyfis af HSÍ. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta.

Aðeins er greitt félagaskiptagjald vegna félagaskipta úr samningsfélagi í félagið sem fær leikmanninn til sín en ekki þegar leikmaðurinn snýr til baka.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Samningsfélagi er heimilt fyrir 1.mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannarlega móttækin af HSÍ.

Tímabundin félagaskipti frá erlendum félögum til Íslands skulu að lágmarki ná að næsta félagaskiptatímabili.

15. gr. Venslafélög

Félög, sem gera með sér sérstakt samkomulag um samnýtingu leikmanna í meistaraflokki, venslasamning, hafa heimild til að hafa félagaskipti sín á milli á tímabilinu 1. júní til 1. mars ár hvert. Slíkt samkomulag er eingöngu heimilt milli félaga sem leika í sitthvorri deildinni og getur hvert félag aðeins átt eitt annað venslafélag.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er 15 dagar og fær leikmaður keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 2 dögum eftir tilkynning er sannanlega móttækin af HSÍ, nýti félag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns.

Venslafélag sem leikur í efri deild skal fyrir fyrsta leik í Íslandsmóti skila inn lista til HSÍ með nöfnum 10 leikmanna sem falla ekki undir þá leikmenn sem viðkomandi venslafélög geta samnýtt. Listinn er birtur á heimsíðu HSÍ.

Ef leikmaður, sem er á lista félags, er hættur að leika fyrir félagið eða hefur ekki leikið 4 leiki eða fleiri í röð skal félag skipta honum út af listanum fyrir nýjan leikmann. Ef félag tilkynnir ekki nýjan leikmann á listann getur HSÍ valið virkan leikmann úr leikmannahóp félagsins og tilkynnt hann á listann.

Sendi félag ekki inn lista með leikmönnum eða vanrækir að bæta við listann skv. 4. mgr. þessarar greinar þrátt fyrir áskorun mótanefndar HSÍ falla niður heimildir félaganna til samnýtingu leikmanna skv. 1. mgr.

16. gr. Ágreiningsmál

Samningar leikmanna og félaga um greiðslur og annað sambærilegt og uppgjör slíkra mála eða ágreiningsmála vegna þeirra er HSÍ óviðkomandi og hefur HSÍ ekki aðkomu að slíkum málum.

Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki staðfesta félagaskipti hans er framkvæmdastjóra HSÍ heimilt í undantekningartilfellum að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn telji hann augljóst að félag sem leikmaður gengur úr hafi ekki málefnalegar ástæður fyrir synjun um staðfestingu. Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt, þegar svona stendur á, að gefa út keppnisleyfi allt að tveimur virkum dögum eftir lok félagaskiptatímabils en beiðni um félagaskipti þarf alltaf að hafa borist fyrir lok þess frests til HSÍ.

Í því tilfalli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins synjað um félagaskipti ef leikmaður hefur ekki gert skil á æfingagjöldum. Stjórn HSÍ er í slíkum tilvikum heimilt að beita félagið viðurlögum ef það neitar að staðfesta félagaskipti leikmanns án nokkurra gildra ástæðna.

17. gr. Félagaskipti leikmanna milli landa

Ef leikmaður sem skráður er í íslenskt félag fyrirhugar að ganga til liðs við félag í öðru landi skal senda HSÍ beiðni um útgáfu alþjóðlegrar félagaskiptastaðfestingu (AFS).

Leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í keppni erlendis fyrr en HSÍ hefur gefið út AFS fyrir hann í samræmi við reglur EHF og IHF.

Leikmanni er ekki heimilt að leika á Íslandi fyrr en HSÍ hefur borist AFS frá viðkomandi sérsambandi.

Ekki geta fleiri en tveir erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu hvers félags í hvert sinn í leik á vegum HSÍ.

Um félagaskipti erlendra leikmanna sem eru á Íslandi, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda almenn ákvæði þessarar reglugerðar.

Áður en leikheimild skal gefin út fyrir erlenda leikmenn, skal félag skila inn staðfestingu um atvinnu- og dvalarleyfi frá Útlendingastofnun sbr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr greinar þessarar er HSÍ heimilt á keppnistímabilinu 2017-2018 að gefa út keppnisleyfi fyrir erlenda leikmenn þó þeir hafi ekki hlotið atvinnu- og dvalarleyfi frá Útlendingastofnun. Slíkt keppnisleyfi er tímabundið til allt að 90 daga frá því að leikmaður kom til landsins og verður félag að sýna fram á að sótt hafi verið um

atvinnu- og dvalarleyfi til Útlendingastofnunar. HSÍ áskilur sér rétt til að fella niður tímabundna leikheimild leikmanns hafni Útlendingastofnun umsókn hans eða félag skilar ekki inn fullnægjandi gögnum.

IV. Kafli SAMNINGAVIÐRÆÐUR, UMBOÐSMENN OFL.

18. gr. Samningaviðræður samningsbundinna leikmanna og þjálfara

Öll aðildarfélög HSÍ, leikmenn og þjálfarar aðildarfélaga eru skuldbundin til að hafa ekki samband við annað félag, samningsbundinn leikmann eða þjálfara, umboðsmenn þeirra eða aðra aðila þeim tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Gildir þetta hvort sem á við um stjórnarmenn félaga, þjálfara eða aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd.

Þó er félagi heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann eða þjálfara og samningsbundinn leikmaður eða þjálfari við félag eftir 1. mars það ár sem samningurinn rennur út, án leyfis viðkomandi félags.

19. gr. Umboðsmenn

Aðilum, sem gegna stjórnunarstörfum, eru leikmenn eða þjálfarar í félögum innan HSÍ, er óheimilt að gæta hagsmuna og/eða koma fram fyrir hönd leikmanna eða þjálfara annarra félaga.

Umboðsmenn leikmanna eða þjálfara skulu leggja fram sönnur fyrir umboði sínu sé þess óskað og skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum HSÍ og reglum EHF og IHF að öllu leyti.

V. kafli VIÐURLÖG VIÐ BROTUM

20. gr. Refsiheimildir

Ef félag, þjálfari eða leikmaður verða uppvís að broti á ákvæðum reglugerðar þessarar þá er stjórn HSÍ heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum (einni eða fleiri saman):

- Áminningu
- Sekt allt að kr. 500.000
- Svipta félag rétti til að gera nýja samninga í tiltekinn tíma
- Afturkalla keppnisleyfi leikmanns
- Brottvísun félags úr keppni

VI. Kafli GILDISTAKA

21. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ um um félagaskipti.

Samþykkt af stjórn HSÍ 5. október 2017